



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

Starfsáætlun Kringlumýrar 2015 - 2016



KRINGLUMYRI
FRÍSTUNDAMIÐSTÖÐ LAUGARDALS OG HÁALEITIS

Efnisyfirlit:

Inngangur	2
Starfsstaði Kringlumýrar. (Skipurit).....	4
Gildi Kringlumýrar	5
Hlutverk Kringlumýrar.....	6
Stutt greinagerð framkvæmdastjóra um síðasta starfsár.....	8
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun.....	9
<i>Starfsmannakönnun</i>	9
<i>Foreldrakönnun</i>	9
<i>Innra ytra mat</i>	9
Lykiltölur Kringlumýrar.....	10
Stefnupættir, markmið og leiðir 2015-2016	11
Verkefni Kringlumýrar 2014-2015	12
<i>Barnið, nemandinn, ungmennið</i>	12
<i>Verklag</i>	14
<i>Mannauður</i>	16
<i>Auðlindir</i>	18
Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar.....	19
1. <i>Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi</i>	19
2. <i>Fjölmennig.</i>	19

Inngangur

Frístundamiðstöðvar skóla- og frístundasviðs (SFS) starfa eftir leiðarljósi sviðsins sem eru: *Að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.*

Frístundamiðstöðin Kringlumýri stendur fyrir viðamiklu frístundastarfi fyrir börn og unglinga á aldrinum 6 – 16 ára í Laugardals-, Háaleitis- og Bústaðarhverfi.

Hjá Kringlumýri starfa yfir 300 starfsmenn en af þeim eru 43 í fullu starfi. Starfsstaðir Kringlumýrar telja níu frístundaheimili og sex félagsmiðstöðvar. Starfsmannahópurinn samanstendur af einstaklingum með fjölbreytta menntun, ólíkan bakgrunn og viðamikla reynslu af starfi með börnum og unglingum. Verkefni starfshópsins eru fjölbreytt og mörg krefjast sérhæfingar og sérþekkingar.

Í öllu starfi Kringlumýrar er lögð áhersla á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi og tekur mið af aldri þeirra og þroska. Þessi ár erum mikilvægt mótunarskeið og því er áhersla lögð á að efla þætti eins og félagsfærni, sjálfsmynd og virkra þátttöku með skipulögðum hætti. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa stuðning vegna fötlunar eða félagslegra aðstæðna. Kringlumýri starfa eftir hugmyndafræði „jákvæðrar nálgunar“ og reynslunáms ásamt lýðræðislegri vinnuaðferða.

Frístundamiðstöðin Kringlumýri er þekkingarmiðstöð í málefnum fatlaðra. Þekkingarmiðstöðin er í fararbroddi varðandi vinnu og hugmyndafræði í málefnum fatlaðra. Hún miðlar reynslu og þekkingu til allra frístundamiðstöðva og upplýsir um alla þróun sem á sér stað í málaflokknum sem skiptir starfsemina máli. Þekkingarmiðstöðin heldur utan um veittan stuðning á frístundaheimilum borgarinnar og veitir ráðgjöf inn í starf frístundaklúbbanna og félagsmiðstöðvarnar eftir því sem við á. Á frístundaheimilum borgarinnar er veittur sértækur stuðningur til handa þeim börnum sem þess þurfa að áður uppfylltum skilyrðum. Ráðgjafarþroskaþjálfari SFS, sem staðsettur er í Kringlumýri, sér um úthlutun í samráði við verkefnisstjóra skrifstofu frístundamála í málefnum fatlaðra. Megináhersla er lögð á að sértæki stuðningurinn efli börnin félagslega og geri þeim kleift að taka þátt í almenna starfinu á eigin forsendum. Forstöðumenn frístundaheimilanna sækja um sértækan stuðning í samráði við foreldra og/eða forráðamenn. Sem þekkingarmiðstöð frítímastarf fatlaðra barna og unglinga er það hlutverk Kringlumýrar að vera leiðandi í frítímastarfi fyrir þennan hóp. Einnig rekur Kringlumýri sértæk úrræði fyrir börn og unglinga með fötlun sem stunda nám í Klettaskóla.

Starfsáætlun Kringlumýrar 2015-2016 er unnin út frá stefnu og starfsáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2015, stefnukorti SFS og Starfsskrá frístundamiðstöðva SFS (2015). Í starfsáætlun skóla og frístundasviðs er lögð áhersla á fimm umbótaþætti fyrir árið 2015-2016. Þeir eru:

- *Málþroski, læsi og lesskilningur*
- *Verk, tækni og listnám*
- *Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi*
- *Fjölmennning*
- *Gæði og fagmennska*

Starfsáætlunin er unnin með hliðsjón af þessum umbótaþáttum og eru verkefni/leiðir þeim tengd merkt sérstaklega með stjörnu í kaflanum *stefnuþættir, markmið og leiðir*. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu. Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2015 og gildir til 31. ágúst 2016. Í starfsáætluninni er gerð grein fyrir helstu verkefnum en markmið, nánari útfærslur, ábyrgð og tímaramma er að finna í aðgerðaáætlunum starfsstaða Kringlumýrar.


Helstu áherslur í starfi Kringlumýrar 2015-2016 eru innleiðing „vináttufærni“ í samstarfi við Háskóla Íslands. Vináttufærni leggur áherslu á að auka færni barna og unglunga í að eignast vini og vera góður vinur. Einnig verður unnið með „tómstundarmenntun“ í samstarfi við H.Í þar sem börn og unglingar verða vakin til umhugsunar um hvort þau séu að nýta frítíma sinn á uppbyggilegan hátt og hvernig þau hagnist á því að nýta hann sem best.

Áhersla verður lögð á heilsueflandi frístundastarf á öllum starfsstöðum Kringlumýrar. Má þar nefna samræming á síðdegishressingu í frístundarheimilum þar sem gerður verður 6 vikna matseðill sem muna fylgja ráðleggingu Landlæknisembættisins. Einnig verður matseðillinn samstilltur við matseðil grunnskóla hverfissins þannig að þegar léttari máltíðir eru í skólanum mun síðdegishressingin vera matarmeiri.

Lögð verður áhersla á lýðræði og lýðræðislega vinnu í öllu starfi Kringlumýrar á næsta starfsári. Deildirnar munu þreifa sig áfram í fjölbreyttum leiðum í að virkja börn og unglunga til áhrifa og hvetja til umræðu um lýðræði.

Frístundaheimilin munu leggja áherslu á eflingu læsis í víðum skilningi í gegnum leik og starf. Þessi upptalning er ekki tæmandi en tæpir á helstu áherslum.

Starfsstaði Kringlumýrar. (Skipurit)



Gildi Kringlumýrar

Gildin voru valin af starfsfólki og stjórnendum Kringlumýrar. Gildin lýsa að okkar mati vel hvað Kringlumýri stendur fyrir og eru lýsandi fyrir starfið sem fram fer á starfsstöðum hennar.

Gildi Kringlumýrar ***Fagmennska – Fjölbreytileiki – Gleði***

Fagmennska

- Félagsþroski barna og unglinga efldur með áherslu á félags- og samskiptafærni.
- Áhersla lögð á eflingu jákvæðrar sjálfsmyndar og raunverulega virkni og þátttöku.
- Starfsfólk kappkostar að tileinka sér nýja þekkingu til uppbyggingar í starfi.
- Unnið eftir settum markmiðum og gildum.
- Störfum sinnt af virðingu með trúnað og tryggð að leiðarljósi.

Fjölbreytileiki

- Leiðandi afl í frítímastarfi með fötluðum börnum og unglingum.
- Áhersla á fjölbreyttan starfsmannahóp með ólíkan bakgrunn og færni.
- Viðfangsefni við hæfi hvers og eins.
- Barna- og unglingalýðræði í hávegum haft með tilstuðlan jafnréttis.
- Tökum mið og tillit til ólíkra skoðana og fjölbreyttra samstarfsaðila.

Gleði

- Viðhorf er val. Veljum okkur gleði og jákvæðni í starfi með bros á vör.
- Ekkert svo hátíðlegt að ekki megi hlæja saman.
- Sýnum umhyggju.
- Lærdómur og sköpun í gegnum leik.
- Áhersla lögð á góð mannleg samskipti.



Hlutverk Kringlumýrar

Hver deild Kringlumýrar hefur skilgreint hlutverk sitt og innihald þjónustunnar sem veit er á starfsstöðum deildanna í samræmið við stefnu Reykjavíkurborgar, skóla- og frístundasviðs og starfsskrá frístundamiðstöðva.

Hlutverk barnastarfs.

- ✓ Að efla félagsþroska
- ✓ Að vera vettvangur fyrir afþreyingu og skemmtun barnanna
- ✓ Að kenna börnum að nýta frístundir á uppbyggjandi hátt
- ✓ Að fagna fjölbreytileika
- ✓ Að veita öruggt umhverfi
- ✓ Að veita gott og uppbyggilegt umhverfi eftir skóla
- ✓ Að veita umhverfi/aðstæður til að kynnast jafningjum
- ✓ Að efla sjálfstæði, sjálfstraust, sjálfsvirðingu,
- ✓ Að efla tilfinningalæsi, náttúru og umhverfislæs,
- ✓ Að veita umhyggju
- ✓ Að vera athvarf fyrir börn sem þurfa á því að halda
- ✓ Að efla sjálfstæði barna og kenna þeim að taka ábyrgð á sjálfum sér
- ✓ Að efla hæfni barna
- ✓ Að vinna að velferð barna
- ✓ Að standa vörð um réttindi barna

Hlutverk Unglingastarfs

- ✓ Efla félagsfærni unglunga. (hópastarf, verkefnavinna)
- ✓ Forvarnir. (Fyrirmynd, stýra umræðum, taka á einelti)
- ✓ Efla samskiptafærni unglunga. (vinna með samskipti, kenna að rökræða og leysa úr ágreiningi)
- ✓ Þjálfra lýðræðisleg vinnubrögð
- ✓ Að vera til staðar.
- ✓ Efla sjálfsmynd.
- ✓ Skapa umhverfi fyrir óformlegt nám.
- ✓ Vinna með reynslu og læra af henni
- ✓ Að taka þátt í þroskaferli unglings.
- ✓ Fræðsla (óformlegt spjall, formleg fræðsla)
- ✓ Umhyggja og áhugi.

Hlutverk Þekkingarmiðstöðvar

- ✓ Að stuðla að aukinni virkni og þátttöku barna og unglunga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- ✓ Hefur yfirsýn yfir málefni barna og unglunga sem þurfa sértækan stuðning og hvatningu í frítímastarfi.
- ✓ Fylgjast með framþróun í málaflokknum og innleiða hugmyndafræði, nálgun viðfangsefna og vinnuaðferðir sem við á hverju sinni.
- ✓ Sinnir fræðslu og ráðgjöf varðandi frítímastarf til þeirra sem málið varðar.
- ✓ Að veita faglegan ramma varðandi frítímastarf fatlaðra barna og unglunga.
- ✓ Meta þjónustupörf og úthluta stuðningi til reykvískra barna á frístundaheimilum.
- ✓ Tryggir að sambærilega þjónusta sé veitt börnum með úthlutaðan stuðning í frístundarheimilum borgarinnar.
- ✓ Veitir faglegan ramma á útfærslu frístundastarfs í frístundarklúbbum og öðru sértæku frístundastarfi.

Hlutverk sértæka starfsins

- ✓ Tryggja öruggt og faglegt umhverfi fyrir börn og unglunga til að vaxa og dafna sem sterka einstaklinga
- ✓ Stuðla að aukinni félagsfærni
- ✓ Stuðla að aukinni almennri samfélagsþátttöku
- ✓ Auka sjálfstraust barna og unglunga
- ✓ Að tilheyra hóp
- ✓ Auka virkni
- ✓ Stuðla að barnalýðræði
- ✓ Efla trú á eigin sjálfsákvörðunarrétti
- ✓ Áhersla er lögð á gleði og jákvæðni í starfi
- ✓ Stuðla að andlegu og líkamlegu heilbrigði

Stutt greinagerð framkvæmdastjóra um síðasta starfsár

Starfsemi Kringlumýrar tók nokkrum breytingum á síðasta starfsári. Eins og önnur ár hefur húsnæðismál verið krefjandi og hefur haft áhrif á alla starfsemina. Sérstaka frístundastarfið varð skyndilega húsnæðislaust síðastliðið vor. Við það fór stór kapall af stað sem endaði með flutningi á frístundaklúbbnum Hofi í framtíðarhúsnæði í vesturbæ og frístundaklúbburinn Garður sameinaðist félagsmiðstöðinni Öskju í fyrra húsnæði Hofsins að Safamýri 5. Við flutning Hofsins til vesturbæjar var tekin ákvörðun um að flytja yfirstjórn yfir til Frostaskjóls. Einnig var tekin ákvörðun um að leggja niður Hlíðina sem var úrræði fyrir börn með skilgreinda fötlun í Brúarskóla. Ákveðið var að þjónusta þau börn í starfandi frístundaklúbbum í þeirra nærumhverfi.

Félagsmiðstöðin Þróttheimar buðu sig fram sem tilraunarfélagsmiðstöð í Innra- og ytra mati á frístundastarfi SFS á síðasta starfsári. Niðurstöður matsins voru vægast sagt flottar og fékk starfið þrjár stjórnur sem einungis eru gefnar fyrir „*Verklag öðrum til eftirbreytni, framúrskarandi á sínu sviði*“. Stjörnueinkunnargjöfin var veitt fyrir:

- *Vel er tekið á móti börnum og unglingum og þau kvödd.*
- *Aðferðir til aukins barna- og unglingalýðræðis eru nýttar í starfinu*
- *Dagskrá er kynnt börnum, unglingum, foreldrum og starfsfólki*

Auk þess fengu Þróttheimar hvatningarverðlaun fyrir nýja nálgun á lýðræðislegi vinnu með sameiginlegt unglinga/nemendaráð Þróttheima og Langholtsskóla.

Óskum við starfsfólki Þróttheima innilega til hamingju með staðfestingu á faglegu og flottu starfi.

Gulahlíð, frístundaheimili fyrri 6-9 ára börn úr Klettaskóla fór af stað með spennandi verkefni sem þau kölluðu „frístundahúsið“. Samkvæmt könnunum hafa börn með fötlun ekki sama möguleika á að sækja íþrótt- og tómstundastarf með sama hætti og ófötlud börn. Frístundahúsið var viðleitni í að opna á þennan möguleika og var farið af stað með Taekwondo æfingar í samstarfi við Ármann, tónlistar og leiklistarnámskeið. Verkefnið heppnaðist mjög vel og var ákveðið að gera frístundarhúsið að föstum lið í starfi Guluhlíðar. Þess má geta að Gulahlíð fékk hvatningarverðlaun SFS fyrir verkefnið.



Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar og umbótaáætlun

Starfsmannakönnun

Í heildarskýrslu Kringlumýrar um viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar var niðurstaðan örlítill hækkun á öllum lykilþáttum sem eru að sjálfsögðu ánægjuleg tíðindi. Gerð var umbótaáætlun í hverri deild sem tekur á þeim þáttum sem mældust á gulu (6,0 til 7.9) eða rauðu (5,9 eða lægra) og verða þær metnar í febrúar 2016.

Foreldrakönnun

Mikil ánægja er með starf frístundaheimilina í Reykjavík samkvæmt skoðanakönnun og voru frístundaheimili Kringlumýri þar á meðal. Of mörg frístundaheimili á vegum Kringlumýrar búa við lélegt húsnæði og er það að koma skýrt í ljós í umræddri könnun. Niðurstöður foreldrakönnunarinnar voru að meðaltali þær sömu og síðasta ár þ.e. 80% ánægja. Gerð var umbótaáætlun fyrir þau atriði í könnuninni sem mældust undir 70% ánægju á hverjum stað fyrir sig.

Í sértæka frístundastarfinu var gerð könnun meðla foreldra 6-9 ára barnanna úr Klettaskóla. Niðurstöðurnar voru mjög góðar þ.e 95% ánægja. Umbótaáætlunin var heldur rýr þar sem flestir þættir mældust milli 90 og 100 prósent ánægja. Nokkrir þættir voru þó settir í umbótaáætlun.

Unglingastarfið var ekki með í foreldrakönnun sviðsins þetta árið en von er á úrbótum.

Innra ytra mat

Þróttheimar var eini starfsstaður Kringlumýrar sem var metinn með ytra mati á síðasta ári. Þróttheimar fékk vægast sagt góða niðurstöðu og var metinn framúrskarandi í þrem þáttum sem gaf af sér þrjár stjörnur. Gerð var umbótaáætlun á þeim þáttum sem lentu undir væntingum.


Gert er ráð fyrir innleiðingu á innramati frístundastarf á aðra starfsstaði Kringlumýrar á þessu starfsári og því liggja ekki fyrir aðrar umbótaáætlanir.



Lykiltölur Kringlumýrar

	Raun 2010	Raun 2011	Raun 2012	Raun 2013	Raun 2014	Áætlun 2015
Starfsmannamál						
Fjöldi starfsmanna (meðaltal 12 mán.)	220	232	238	283	273	270
Fjöldi stöðugilda (1.okt)	89,56	91,56	97,92	103	114	114
Fjöldi starfsmanna (1.okt)	251	257	260	303	332	330
- Karlar	93	101	98	106	122	120
- Konur	160	174	162	174	210	210
Hverfastarfr						
Skráð aðsókn	3990	4820	5020	5100	5820	5850
Frístundastarfr fatlaðra barna og unglina						
Fjöldi barna í frístundastarfinu haust (1. okt.)	-	47	52	90	92	107
- Stelpur	-	17	18	32	31	36
- Strákar	-	30	34	59	61	71
Fjöldi skráninga í sumarstarfr	-	383	369	396	553	609
- Stelpur	-	123	122	145	182	173
- Strákar	-	260	247	251	371	436
Frístundaheimili 6-9 ára						
Fjöldi barna á frístundaheimilum, (1. okt.)	735	770	835	900	1026	1022
- Stelpur	356	375	407	445	472	445
- Strákar	379	395	428	455	554	577
Fjöldi stuðningsbarna á almennum frístundaheimilum (samþykkt)	54	39	49	51	52	70
Fjöldi skráninga í sumarstarfr f. 6-9 ára	882	907	873	970	1146	1307
- Stelpur	407	450	417	475	489	552
- Strákar	475	457	456	495	657	755
Frístundaklúbbar 10-16 ára (börn með fötlun)						
Frístundaklúbbar fatlaðra 10-16 ára (1. okt)	-	17	19	21	31	Flutt
- Stelpur	-	5	5	5	6	
- Strákar	-	13	14	16	25	
Fjöldi skráninga í sumarstarfr	-	11	15	27	88	
- Stelpur	-	4	3	5	31	
- Strákar	-	7	12	22	57	
Félagsmiðstöðvastarfr fyrir 10-12 ára						
Heildarþátttaka yfir árið	4.929	6.260	5.128	6.100	7.462	6.500
- Stelpur	2.397	3.200	2.600	3.100	3.573	3.575
- Strákar	2.532	3.060	2.528	3.000	3.761	2.925
Þar af yfir sumarið		232	244	250	128	129
Félagsmiðstöðvar 13-16 ára						
Heimsóknir unglina í félagsmiðstöðvar	30.506	30.341	26.271	30.300	24.575	25.000
- Stelpur	13.492	15.010	14.322	15.000	13.145	13.000
- Strákar	17.014	15.331	11.949	15.300	11.430	12.000
Þar af í sumaropnun	285	106	302	300	1.232	1004
Fjöldi ungs fólks sem tekur þátt í ungmennaráðum hverfanna (þar af í R.v.k ráði)	10	11	9	13	21	20
- Stelpur					12	10
- Strákar					9	10
Fjöldi ungl. í félagsmiðst. hópum og Vinnusk.	25	26	25	12	11	17
- Stelpur					5	7
- Strákar					6	10
Annað starfr fyrir börn, unglina og ungmenni						
Börn á smíðavöllum/SSÚ	28	51	41	54	49	44

Stefnuþættir, markmið og leiðir 2015-2016



Verkefni Kringlumýrar 2014-2015

UMBÓTAPÆTTIR SFS 2015-2016 eru stjörnumerktir ★

Barnið, nemandinn, ungmennið

Sameiginleg verkefni

Sértækt starfs

Unglingastarf

Barnastarf

Þekkingarmiðstöð

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Sterk sjálfsmynd og félagsfærni

Sterk sjálfsmynd, samkennd og samskiptafærni.

- Markvist boðið upp á aldursviðeigandi viðfangsefni í sértæku frístundastarfi
- Markvisst hópastarf
- Eiga tækifæri á að mynda vináttutengsl og vera í frjálsumleik/starfi með jafnöldrum.
- Innleiða „Tómstundamenntun“ í starf félagsmiðstöðva Kringlumýrar í samstarfi við HÍ. Tómstundarmenntun hjálpar börnum og unglingum að nota frítíma sinn á uppbyggjandi hátt.
- Innleiða „vináttufærni“ í starf félagsmiðstöðva Kringlumýrar í samstarfi við HÍ. Vináttufærni felur í sér að þjálfa upp færni barna og unglinga í að eignast vini og vera góður vinur
- ★ Stuðla að fjölmennigalegu samfélagi
- Innleiða „vináttufærni“ í starf frístundaheimila Kringlumýrar í samstarfi við HÍ. Vináttufærni felur í sér að þjálfa upp færni barna í að eignast vini og vera góður vinur
- Skapa aðstæður fyrir börn að styrkjast félagslega sem og vekja áhuga á fjölbreyttum viðfangsefnum
- Huga að andlegri líðan barna. Efla sjálfsmynd barna

Jöfn tækifæri þar sem hugað er að velferð allra.

- Koma á samvinnu við félagsamtök og fyrirtæki sem standa fyrir tómstundaiðju barna og unglinga í nær umhverfi skólans.
- Móta stefnu í félagsmiðstöðvarstarfi vegna aukningu á fátækt barna.
- Stuðla að jöfnuði
- ★ Fagna margbreytileikanum og hlúa sérstaklega að þeim börnum sem á þurfa að halda

Öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði

Heilbrigður lífsstíll.

- Kringlumýri stendur fyrir heilsuefandi frístundastarfi
- Auka skipulagða hreyfingu barna í sértæku frístundastarfi
- Boðið upp á hollan mat í sértæku frístundastarfi
- Innleiða meiri útiveru og útivist í starf félagsmiðstöðva
- Þjóða upp á holla hressingu í félagsmiðstöðinni. Að takmarka óhollustu í starfi félagsmiðstöðva
- Hreyfing er fastur hluti af starfi félagsmiðstöðva
- Búa til stefnu um heilsuefandi frístundaheimili í Laugardal, Háaleiti og Bústaðarhverfi
- Efla meðvitund barnanna um hollt matarræði. Að bjóða upp á hollan mat
- Efla hreyfingu barna í frístundaheimilum KM
- Huga að andlegri líðan barna. Efla sjálfsmynd barna

STEFNUÞÁTTUR

Öryggi,
heilbrigði,
vellíðan
og gleði(frh.)

MARKMIÐ

LEIÐIR

Öruggt umhverfi
þar sem unnið er
markvisst gegn
áhættuhegðun.

- Efla sértækt hópstarf. Skilgreina markmið og aðferðir.
- Efla þjálfun starfsmanna í sértæku hópstarfi
- Móta stefnu í forvarnarmálum varðandi tóbak, og önnur vímuefni og kynheilbrigðismál

Komið er
til móts við
ólík áhugasvið.

- Starfstaðir leitast við að ráða starfsfólk með fjölbreytta þekkingu og hæfileika til að hægt sé að bjóða upp á fjölbreytt viðfangsefni í frístundastarfi Kringlumýrar
- Að starfsfólk F.H. sé meðvitað um að greina áhugasvið barnanna og geri það með formlegum hætti
- Hvert frístundaheimili komi til móts við breiðan hóp barna með ólíkar þarfir og áhugasvið með áherslu á styrkleika þeirra

Aukin gæði í öllu
starfi í þeim
tilgangi að efla
þekkingu, færni og
árangur.

- Innramat á starfstöðum Kringlumýrar er nýttur til umbóta
- Kortleggja þjónustubörf barna og unglunga, taka mið af könnunum

Læsi í víðum
skilningi,
gagnrýnin hugsun
og samræða.

- Skapa vettvang fyrir óformlegt nám
- ★ Efla læsi og málþroska
- ★ Að efla læsi og málskilning í gegnum frístundastarfið til að styrkja þau félagslega

Færni í tölvu- og
upplýsingatækni
og nýsköpun.

- Miðla rafrænni færni sem liður í rafrænni mótun í félagsmiðstöðvum Kringlumýrar
- Meta með hvaða hætti hægt sé að auka færni barna í tölvu og upplýsingatækni í frístundastarfi með börnum 6-9 ára

Aukin þekking
á listum og
menningu
og færni
til sköpunar.

- ★ Áhersla lögð á að börn og unglingar í sértæku frístundastarfi hafi sömu tækifæri og jafnaldrar þeirra á að stunda menningarlíf, listir og tómstundariðju.
- ★ Efla List- tækni og verknám
- ★ Að bjóða upp á umhverfi og efnivið sem ýtir undir sköpun í gegnum list-, tækni- og verknám

Aukin
umhverfisvitund
og menntun
til sjálfbærni.

- Ýta undir umhverfisvitund og sjálfbærni í huga barna
- Vinna enn frekar í Kringlumýrarlundi í Heiðmörk.

Samfélagsleg
ábyrgð,
virkni
og víðsýni

Aukin þekking á
grunnildum
samfélagsins og
mannréttindum.

- Aukin samfélagsþátttaka. Börn og unglingar í sértæku frítímastarfi taki þátt í almennum viðburðum í samfélaginu
- Miðla þekkingu um mannréttindi
- Búa til fræðsluáætlun fyrir deildina sem nær yfir heilt ár – s.s.mannréttindafræðsla
- Unnið með Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna

Samfélagsleg
ábyrgð,
virkni
og víðsýni (frh.)

Samfélagsleg
ábyrgð og
lýðræðisleg
þátttaka.

- ★ Auka lýðræðislega þátttöku barna og unglunga í mótun starfsins
- ★ Efla virkt unglingalýðræði í öllum félagmiðstöðvum Kringlumýrar með „Þróttheimamódelið“ í huga
- ★ Að sjá til þess að börn hafi tækifæri á að láta skoðun sína í ljós.
- ★ Að skipulag dagskrár sé unnin í samstarfi við börnin. Börnin fá ábyrgð á þáttum í dagskrá frístundaheimilisins
- ★ Skipa nefnd sem mótar stefnu í mótun lýðræðislegar vinnuaðferða með börnum 6-9 ára

Verklag

Sameiginleg verkefni

Sértækt starf

Unglingastarf

Barnastarf

Þekkingarmiðstöð

STEFNUÞÁTTUR

Nám og
starf án
aðgreiningar,
við hæfi
hvers og eins

MARKMIÐ

LEIÐIR

**Koma til móts við
ólíkar þarfir með
fjölbreyttum
aðferðum og
viðfangsefnum.**

- Við gerð aðgeraáætla starfsstaða Kringlumýrar er tekið mið af niðurstöðum kortlagningar á hvaða hópar eru ekki að nýta sér frístundastarfið
- Einstaklingsáætlun þar sem grunn upplýsingar koma fram og markmið og áherslur eru skilgreindar
- Samræma vinnubrögð varðandi gerð einstaklingsáætla, mat á þjónustuþörf og markmiðasetningu ásamt því að tryggja að framkvæmd úthlutunar verði með sama hætti (sama úthlutunarteymi).
- Tryggja að eftirfylgni verði með sama og/eða svipuðum hætti á öllum starfsstöðum.

**Tryggja jafnræði
allra einstaklinga til
virkrar þátttöku í
daglegu starfi.**

- Auka samstarf þjónustumiðstöðvar L. H. og Kringlumýrar með það að markmiði að tryggja þátttöku barna og unglunga sem þurfa á því að halda
- Endurmat verði framkvæmt með sama hætti á öllum stöðum.
- Kynna frítímastarf án aðgreiningar. Hugmyndafræði, markmið, starfsaðferðir og tilgang

**Stuðningur og
ráðgjöf tryggi
góðar aðstæður til
náms og leiks og
bestan mögulegan
árangur og líðan.**

- Leitast við að hugmyndafræði, markmið, starfsaðferðir og tilgang frítímastarfs án aðgreiningar skili sér í vinnu út á vettvangi

STEFNUÞÁTTUR

Samstarf
byggt á
lýðræði og
fjölbreytni

MARKMIÐ	LEIÐIR
Öll börn, nemendur og ungmenni séu virkir þátttakendur í lýðræðislegu samstarfi.	★ Kynna fundagerðir hverfisráða fyrir barna og unglinga/nemendaráðum. ★ Styrkja ungmennaráðin í hverfunum með betir tengingu við unglinga/nemendaráðin í hverfiunum.
Foreldrar séu virkir þátttakendur, ábyrgir og upplýstir samstarfsaðilar.	- Búa til samráðshóp foreldra og starfsstaða í sértæku starfi - Búa til samráðshóp foreldra og félagsmiðstöðvar - Búa til samráðshóp foreldra og frístundaheimila á öllum stöðum
Markviss, samræmd upplýsingamiðlun og fræðsla til foreldra og barna/nemenda/ungmenna.	Samræma upplýsingamiðlun til foreldra í hverfinu
Öflugt samstarf við nærsamfélagið atvinnulífið og háskóla-samfélagið.	Fastmóta samráðsfundi með: Umsjónarkennara, skólastjórnendur, námsráðgjafi, hjúkrunarfræðingi, þjónustumiðstöð og lögregla.
Starfsstaðir þróaðir til að auka samstarf, sveigjanleika, flæði og samfellu í skóla- og frístundastarfi.	Auka enn frekar samráðningar milli frístundastarfsins og annara stofnanna
Auka samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs við lok leikskólagöngu.	Vera virk í Austurbæjarslaufunni (samráðsvettvangi stofnanna í Laugardal, Háaleiti og Bústöðum)
Innleiðing nýrra aðalnámskráa.	
Ytra og innra mat á starfsemi sem nýtt er til umbóta.	Hefja innleiðingu á innramati í öllu starfi á vegum Kringlumýrar

Flæði
á milli
skólastiga,
námsgreina
og skóla-
og frístunda-
starfs

Umbætur,
mat og
nýbreytni

STEFNUÞÁTTUR

Umbætur,
mat og
nýbreytni
(frh.)

MARKMIÐ

Stöðugt sé fylgst með stefnum og straumum um uppeldis- mennta- og tómstundamál og áhersla lögð á þróun og nýbreytni.

Tilrauna-, þróunar- og umbótastarf byggji á rannsóknum og árangurinn metinn.

Traust og fjölbreytt mat á námsárangri, líðan og félagsfærni.

Ábyrg skjalastjórnun og stjórnarsýsla, virkt gæðakerfi og innra mat.

LEIÐIR

- Kortleggja þjónustubörf barna og unglinga, taka mið af könnunum
- Að koma á laggirnar nefnd sem hefur innleiðingu Uppeldi til ábyrgðar stefnunnar í frístundaheimili Kringlumýrar
- Þekkingarmiðstöðin er leiðbeinandi í fræðslubörfum frístundamiðstöðvanna varðandi málaflokkinn. Er vakandi yfir mögulegum fræðslubörfum á einstaka starfsstaði.
- Finna leið til að miðla fagupplýsingum á markvissan hátt svo það skili sér í auknu fagstarfi.
- Þekkingarmiðstöðin stendur fyrir reglulegum málstofum varðandi efni tengt málaflokknum.

- Allar umsóknir í þróunarsjóði eru með innbyggðu mati á árangri

- Niðurstöður R&G eru notaðar við áætlanagerð

- Innleiða verkferla varðandi meðferð skjala og gagna sem falla til í öllu starfi Kringlumýrar

Mannauður

Sameiginlegar leiðir

Sértækt starf

Unglingastarf

Barnastarf

Þekkingarmiðstöð

STEFNUÞÁTTUR

Fagleg
forysta

MARKMIÐ

Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.

Stjórnendur og starfsmenn leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.

Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.

LEIÐIR

- Kynna betur starfsemi Kringlumýrar fyrir öllum hverfisbúum s.s. heimasíðu og bæklingagerð
- Kringlumýri verður í forustuhlutverki varðandi frítímastarf fyrir fötluð börn og unglinga

- Umbótaáætlanir eru gerðar við foreldra og starfsmannakönnun og niðurstöðum innramats
- Kynna sér stefnu og strauma í málefnum félagsþroska

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Fagleg
forysta (frh.)

**Jafnræði í launum og
kjörum og
ráðningaferli byggt á
faglegum forsendum.**

**Heilsueflandi
og öruggt
starfsumhverfi.**

- Kringlumýri er heilsueflandi vinnustaður
- Starfsandi efldur með markvissum hætti og tekið er mið af samsetningu starfsmannahópsins.

Hæft og
áhugasamt
starfsfólk með
metnað til
árangurs

**Allir starfsmenn taki
þátt í símenntun við
hæfi.**

- Búa til fræðsluáætlun fyrir deildina sem nær yfir heilt ár – s.s.mannréttindafræðsla
- Kynna fyrir öllu starfsfólki hlutverk frístundaheimilisins í félagsefningu barna

Lærdóms-
samfélag
sem byggir á
þverfaglegu
samstarfi

**Markvisst samstarf og
virkt þekkingarflæði
er innan og á milli
starfsstaða.**

- Virkja hæfileika starfsmanna. Virkja auðlindabankann.
- Búa til handbók starfsfólks félagsmiðstöðvar.

STEFNUÞÁTTUR

MARKMIÐ

LEIÐIR

Hagkvæm
nýting
fjármagns

Útgjöld allra
stofnana séu
innan fjárheimilda
miðað við þá
þjónustu sem veita á.

- Farið yfir stöðu fjármála á þriggja mánaða fresti með það að leiðarsljósi að útgjöld stofnana séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem á að veita.

Stöðug rýning
tækifæra til
endurskipulagningar.

- Stöðug rýning tækifæra til að endurskipuleggja með forstöðumönnum staðanna.

Bæta fjárhagslegt
eftirlit og ráðgjöf.

Samræma
úthlutunarreglur.

Raunkostnaður við
þjónustubætti verði
aðgengilegur.

Skilvirk
upplýsinga-
tækni

Virk stefna í
upplýsinga- og
samskiptatækni.

- Heimasíður starfsstaða séu uppfærðar reglulega og þar sé hægt að nálgast allar helstu upplýsingar um starfið. Reglulega séu sendar greinar í hverfisblaðið og á aðra fréttamiðla. Foreldrar fái upplýsingar um starfið í gegnum frístundagáttina. Reglulega eru send út fréttabréf um starfið. Hvert haust eru haldnir kynningarfundir á öllum starfsstöðunum

Góður
aðbúnaður

Aðstaða, tæki og
búnaður sem hæfa
fjölbreyttu starfi.

- Árleg úttekt á húsnæði og tækjum og óskað eftir úrbötum þega þess er þörf

Aukin samnýting á
húsnæði og búnaði.

- Kortleggja mögulega útleigu á húsnæði Kringlumýrar

Jafnréttisáætlun frístundamiðstöðvarinnar

Jafnréttisáætlun Kringlumýrar er enn í mótun og gert er ráð fyrir að henni verði bætt við starfsáætlunina í desember 2015. Aftur á móti voru neðangreindar áherslur notuð sem viðmið í gerð starfsáætlunarinnar.

1. Lýðræði, jafnrétti og mannréttindi.

- Að börn og ungmenni séu með sterka sjálfsmynd og meðvituð um almenn mannréttindi, jafnrétti kynja og staðalmyndir.
- Að börn sé virðing fyrir réttindum og hæfileikum allra barna og ungmenna.
- Að börn og ungmenni séu virkir þátttakendur í ákvörðunum um eigið nám og starf.
- Að lýðræðislegt gildismat mótist í öllu námi og starfi og að börn og ungmenni læri til lýðræðis í gegnum lýðræðisleg vinnubrögð.

2. Fjölmening.

- Að með fjölbreyttum kennslu- og starfsháttum sé komið til móts við þarfir allra barna og ungmenna.
- Að lögð sé áhersla á gagnvirk samskipti og tækifæri barna af erlendum uppruna til að standa jafnfætis öðrum, með virðingu að leiðarljósi.
- Að öll börn nái árangri í íslensku og að börn með annað móðurmál öðlist færni til að viðhalda og efla móðurmál sitt um leið og þau ná árangri í íslensku.
- Að starfsfólk eigi frumkvæði að samstarfi við foreldra og leiti leiða til að koma í veg fyrir að ólík sýn, menning og reynsla verði hindrun í samstarfi.